

Svar

matvælaráðherra við fyrirspurn frá Valgerði Árnadóttur um framboð grænkerrafæðis hjá stofnunum ríkisins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hyggst ráðherra í ljósi rannsókna sem sýna fram á jákvæð áhrif grænkerrafæðis á heilsu og umhverfi innleiða stefnu um aukið framboð þess hjá stofnunum ríkisins?

Í gildi er innkaupastefna matvæla fyrir ríkisaðila frá 2019 sem unnin var af starfshópi með fulltrúum frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Embætti landlæknis og fulltrúa fjármála- og efnahagsráðuneytis. Hlutverk hópsins var að móta stefnu um opinber innkaup til að tryggja neytendum ríkisaðila matvæli úr heilnæmum afurðum með tilliti til framleiðsluháttu og umhverfisáhrifa. Við gerð stefnunnar voru einnig hafðar til hliðsjónar stefnur um vistvæn innkaup og grænan ríkisrekstur.

Einnig má benda á að á síðasta ári voru kynntar nýjar norrænar næringarráðleggingar 2023 – mataræði sem stuðlar að góðri heilsu og hefur jákvæð áhrif á umhverfið. Þessar ráðleggingar eru unnar á vegum norrænu ráðherranefndarinnar og mynda vísindalegan grundvöll næringarviðmiða og ráðlegginga um mataræði á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum. Ráðleggingarnar taka árið 2023 í fyrsta sinn mið af umhverfisþáttum auk áhrifa á heilsu. Embætti landlæknis hyggst endurskoða opinberar ráðleggingar um mataræði, orku og næringarefnri á Íslandi og skipaður verður faghópur á vegum embættisins til að endurskoða ráðleggingarnar, sem hafa verið í gildi síðan 2014. Þær koma til með að byggjast á nýju norrænu næringarráðleggingunum en einnig verður tekið tillit til íslenskra aðstæðna, t.d. niðurstaðna úr landskönnun á mataræði sem fram fór á árunum 2019–2021.

Matvælaráðuneytið fer ekki með gerð eða innleiðingu stefna um framboð matvæla hjá ríkisstofnunum, en þess má geta að þingsályktun um matvælastefnu til ársins 2040 var samþykkt á Alþingi síðasta sumar en þar er framtíðarsýn í matvælaframleiðslu lýst. Meðal áherslumála stefnunnar er sjálfbærni matvælaframleiðslu.